

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um rekstur Herjólfss.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hver var árlegur kostnaður ríkisins af rekstri Herjólfss sl. þrjú ár?
2. Hverjar hafa verið árlegar tekjur rekstraraðila af far- og farmgjöldum á sama tíma, og hvernig skiptast þær í
 - a. almenn fargjöld,
 - b. gjöld fyrir klefa,
 - c. gjöld fyrir bíla, og
 - d. farmgjöld?
3. Hefur verið skoðað að fella niður almenn fargjöld á milli lands og Eyja, þannig að Eyjamenn verði jafnsettir öðrum landsmönnum?

Skriflegt svar óskast.